

3. fundur framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss

haldinn í Tíbrá 31. ágúst 2016 kl. 20:30.

Mættir eru: Guðmundur Kr. Jónsson formaður, Hjalti Þorvarðarson, Jóhann Helgi Konráðsson, Sverrir Einarsson og Viktor S. Pálsson ásamt Gissuri Jónssyni framkvæmdastjóra.



1. Erindi um uppbyggingu íþróttamannvirka

Lagt var fram erindi og greinargerð um samvinnu við Sveitarfélagið Árborg í tengslum við greiningu og kostnaðarmat á uppbyggingu íþróttamannvirka í sveitarfélaginu. Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að senda erindið til sveitarstjórnar Árborgar.

2. Viljayfirlýsing vegna aðstöðuleysis í Vallaskóla

Kynnt var viljayfirlýsing frá sveitarfélaginu Árborg sem verður tekin fyrir í bæjarráði á morgun (fimmmtudag). Framkvæmdstjórn þakkar sveitarfélaginu og Handknattleikssambandi Íslands fyrir gott samstarf í málinu. Ítrekað er mikilvægi þess að fundin verði framtíðarlausn á aðstöðu til æfinga og keppni fyrir handknattleik á Selfossi.

3. Rekstur íþróttamannvirka

Fyrir liggur áhugi Umf. Selfoss að taka yfir rekstur á íþróttahúsi Vallaskóla frá og með 1. janúar 2017. Framkvæmdastjórn telur það fyrsta skrefið í enn frekari samvinnu Umf. Selfoss og Sveitarfélagsins Árborgar um rekstur íþróttamannvirka.

Framkvæmdastjóra falið að kalla saman vinnuhóp sem er falið að ljúka samningum við sveitarfélagið. Mikilvægt að í samningur innifali endurskoðunarákvæði eftir eitt ár.

4. Samningar við Sveitarfélagið Árborg

Framkvæmdastjóra falið að setja upp áætlun til þriggja ára vegna þjónustusamnings við Sveitarfélagið Árborg.

Vallarstjóra falið að vinna áætlun fyrr Selfossvöll til þriggja ára.

Drög að samningi unnin upp samkvæmt umræðum á fundinum. Mikilvægt að fara ítarlega yfir einstaka liði samningsins. Ljóst er að auka þarf verulega styrki jafnt til afrekshópa Umf. Selfoss sem og barna- og unglिंगastarfs félagsins.

5. Starfsmenn deilda – reglugerð og fyrri úthlutun 2016

Fyrri úthlutun ársins 2016 lögð fram og samþykkt af framkvæmdastjórn. Samþykktar breytingar á reglugerð frá og með áramótum 2016-2017

**Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð samþykkt. Fundi slitið kl. 21:35.
Gissur Jónsson ritaði fundargerð.**